

Þriðjudaginn 8. júlí 1997.

Nr. 283/1997.

Ákærvaldið

(Sigurður Gísli Gíslason ftr.)

gegn

Láru Dís Sigurðardóttur

(Ástríður Grímsdóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. júlí sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að honum verði breytt þannig, að gæsluvarðhaldstími verði stytur verulega. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1997.

Ár 1997, mánudaginn 30. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Láru Dís Sigurðardóttur, kt. 130261-7019, Sælund 3, Bíldudal, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hennar, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 2. september 1997 kl. 16.00. Ákærða er grunuð um brot gegn 173. gr., a-lið, almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 4. janúar sl., var

ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 22. janúar sl., en þann dag var gæsluvarðhaldið framlengt til 12. febrúar sl. Krafa um framhald gæsluvarðhalds var tekin fyrir þann dag, en daginn eftir var þeirri kröfu hafnað. Lögreglustjórinn í Reykjavík kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, og með dómi réttarins, upp kveðnum 20. febrúar sl., var ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi til 12. mars sl. Með úrskurði, upp kveðnum þann dag, var ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 23. apríl 1997 kl. 16.00. Með úrskurði, kveðnum upp 23. apríl sl., var ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 4. júní nk. kl. 16.00, og var sá úrskurður staðfestur með dómi Hæstaréttar 28. apríl sl. Með úrskurði, kveðnum upp 3. júní sl., var ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag.

Ákæra var birt fyrir ákærðu 27. júní sl. Í ákæru er ákærðu gefið að sök að hafa tekið við um 380 gr af amfetamíni og 480 MDMA-töflum úr hendi meðákærða Albart Jan van Houten, flutt þau til Bíldudals og haft þau þar í sínum vörslum og afhent meðákærða Rúnari Kolbeini Óskarssyni efnin til söludreifingar.

Lögreglan hefur frá 11. desember 1996 rannsakað stórfelld brot á fíkniefnalöggjöf, og er talið, að um sé að ræða eitt umfangsmesta fíkniefnamál, sem hafi komið upp hér á landi. Rannsóknin hefur leitt í ljós, að flutt hafa verið til landsins 25 kíló af hassi, 3 kíló af amfetamíni og allt að 600 e-töflur (MDMA). Ákærða hefur játað að eiga nokkra aðild að málinu og hefur m. a. játað vörslur og afhendingu til meðákærða Rúnars Kolbeins Óskarssonar á miklu magni MDMA-taflna ásamt amfetamíni.

Með vísan til framangreinds og skírskotun til gagna málsins þykir sterkur grunur liggja fyrir um, að ákærða hafi brotið gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga. Þar sem um er að ræða svo alvarlegt brot sem stórfellt fíkniefnamisferli, verður með skírskotun til framangreinds og vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu ríkissaksóknara, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærða, Lára Dís Sigurðardóttir, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hennar, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 2. september 1997 kl. 16.00.